

Englar, úlfar og allskyns skrímsli



Áslaug Jónsdóttir og Kristín Steinsdóttir kynna bækur sínar fyrir yngstu nemendum í bókasþjalli um óttann og hugrekkið, vináttuna og það að vera maður sjálfur. Með upplestri, frásögnum og myndasýningu segja höfundarnir frá starfi sínu og því hvernig bók verður til. Ímyndaðar sögupersónur og atvik geta átt rætur að rekja til raunveruleikans eða þess tíma þegar höfundarnir sjálfir voru börn.

Bókalisti: *Nei, sagði litla skrímslið* (2004), *Gott kvöld* (2005) og *Stór skrímsli gráta ekki* (2006) eftir Áslaugu Jónsdóttur. *Engill í Vesturbænum* (2002), *Rissa vill ekki fjúga* (2005) og *Hver étur ísbirni* (2006) eftir Kristínu Steinsdóttur.

6-9 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Gegnum galdramúrinn

Kristín Helga Gunnarsdóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson fara í þessari skemmtilegu dagskrá í ævintýraferð um söguþjóðir sínar, þar sem Strandanornir, Vöðlungar, draugar og forynjur leika stór hlutverk. Hvað veistu um galdraromsur og gallsteina eða áhrinsorð og uppvakninga? Margslungin flétta af undarlegum fróðleik og spennandi atburðarás. Óhljóð, myndir og önnur galdratöl verða á sveimi.

Bókalisti: *Gallsteinar afa Gissa* (2002) og *Strandanornir* (2003) eftir Kristínu Helgu. *Brúin yfir Dimmu* (2000) og *Romsúbókin* (2005) eftir Aðalsteini Ásberg.

10-12 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Innsýn – útsýn

Sigurður Pálsson og Þórarinn Eldjárn flytja dagskrá þar sem þeir veita innsýn í eigin ljóð - og ljóð hvor annars - en jafnframt útsýn yfir ljóðlistina. Þeir bjóða nemendum í einskona kynnisferð um ljóðheima. Auk þess að lesa ljóð sín rekja þeir hvers vegna þeir byrjuðu að yrkja og af hverju þeir geta ekki hætt því. Þeir fara líka með ljóð annarra sem hafa verið þeim hugstæð á ýmsum tímum. Eins lýsa þeir vinnubrögðum sínum og ljóðskálda almennt, leyfa nemendum óhikað að gægjast inn á verkstæðin, kanna hráefnin. Hvernig verða ljóð til og hvers vegna? Glæný ljóð og jafnvel hálfkörüð kunna að skjóta upp kollinum. Sá grunntón er sleginn að ljóðagerð sé ekki illskiljanleg, hátíðleg, uppskrúfuð og ankannaleg heldur séu ljóð fyrst og fremst skemmtileg, ögrandi og heillandi.

13-15 ára

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum.

Bók er bland í poka!



Gerður Kristný og Sigrún Eldjárn hafa frétt að til sé fólk sem les aldrei bækur og hafi bara banana í bóka-hillunum sínum. Bananar eru hollir en bækur eru lífsnauðsynlegar. Sigrún og Gerður vilja því gera það sem í þeirra valdi stendur til að kynna þær fyrir börnum. Þær segja frá því hvað þær voru að hugsa þegar þær voru litlar og hvernig þeim datt í hug að verða rithöfundar. Fjöldi skemmtilegra sögupersóna verða Sigrúnu og Gerði til fulltingis, t.d. Málfríður og Kuggur, Marta smarta, Tölvuskrímsli og Jóladyr.

Gerður Kristný les úr glænýju bókinni sinni *Landi hinna týndu sokka* og Sigrún les glænýju söguna sína um *Gula sendibréfið*.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

6-9 ára

Þagan á bak við söguna

Ragnheiður Gestsdóttir og Þórgímur Þráinsson fjalla um sögur á bak við sögur og lesa úr verkum sínum. Hvers vegna varð fjöldamorðinginn Axlar-Björn kveikjan að unglingsbók? Leynast hugmyndir í heitu pottunum í sundlaugunum? Hvernig varð veðmál við morgunverðarborðið upphafið að ævintýralegrri sögu? Allt í kringum okkur eru óskrifðar sögur á sveimi. Opinn hugi og lifandi ímyndunarafli er allt sem þarf til að lokka þær til sín. Sumar koma hoppandi upp í fangið á manni, aðrar þarf að draga fram úr fylgnum.

Bókalisti: *Leikur á borði* (2000) og *Sverðberinn* (2004) eftir Ragnheiði Gestsdóttur. *Margt býr í myrkrinu* (1997) og *Svalasta 7an* (2003) eftir Þórgími Þráinsson.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

10-12 ára



Að skrifa og segja frá

Einar Már Guðmundsson og Einar Káason segja frá því hvernig það kom til að þeir, alþýðustrákar úr Reykjavík, ákváðu að gera það að starfi sínu að segja sögur og skrifa bækur. Þeir lesa sýnishorn úr verkum sínum, segja frá erfiðleikum við það að þurfa sífellt að fá nýjar hugmyndir og að koma þeim í prenthæfan búning, en líka gamninu og fjörinu sem fylgir þessari iðju.

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum.

13-15 ára

Höfundamiðstöð RSÍ kynnir
6 nýjar dagskrár
með þátttöku 12 rithöfunda
til flutnings í grunnskólum

Tímabil:

9. október – 17. nóvember 2006

**Frestur til að panta dagskrár er til
25. september**

Verð:

**Miðað er við fjölda áhorfenda,
kr. 200 á hvern nemanda**

Höfundamiðstöð Rithöfundasambandsins hefur verið starfrækt frá árinu 1974. Miðstöðin veitir upplýsingar um höfunda og dagskrár, svarar fyrirspurnum, tekur við pöntunum, semur um greiðslur og sér um innheimtu.

Höfundamiðstöð Rithöfundasambandsins nýtur stuðnings menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.

Upplýsingar í síma 568 3190

Netfang: rsi@rsi.is

Heimasíða: www.rsi/hofundamidstod/



**Bókmenntadagskrár
fyrir börn og unglunga**

Höfundamiðstöð RSÍ
Haust 2006